

Sú sorgarfragn er komin hér til lands með kaupferum úr Danmörk, að vor ástfæli Konungur, Fridrik hinn Sjötti, sé leiddur úr þessum heimi 3ja dag December mánaðar næstlíðid ár.

Kristján Konungur Attundi settist jafnstjótt að ríki fedra sinna, og hefir hann samdægurs í opnu bréfi birt sinn allrahærstann vilja, að öll opinber störf skuli fara fram jafnt og áður, samkvæmt þeim um það efni allranáðugast útgeingnu tilskipunum, sem og að allir af enum háfæla Konungi settu ellegar stadfestu embættis menn, skuli að svo stöddu halda áfram að gegna embættisstörfum þeirra, eptir þeim hollustu-eidi, er þeir áður höfðu unnid Konunginum.

Þessunærst hefir Konunginum allranáðugast þóknast að gefa mér til vitundar í bréfi til mín af 26 Martis seinastl., að kjarleikur hans Konunglegu hátignar nái til Íslands innbúa eigi síður enn til hans annara kjaru og trúlindu þegna; og þaræð Íslendingar séu vegna fjærstöðu þeirra hmsum vankvæðum bundnir, og þursi því, ef ské mætti, en nákvæmari umhyggju enn aðrir, fyrir velferd þeirra, þá skuli þeir ei heldur fara hennar á mis af hálfu hans Konunglegu hátignar, er jafnframt vilji veita verðuga áheyrn frumvörpum þeim landinu til heilla, er sú nefnd embættismanna, sem í Reykjavík allranáðugast er tilskipud, kunní á sínum tíma að bera fram fyrir skör hans háfætis. Loksins hefir hans Konunglega hátign allranáðugast bodid mér að heita öllu landsfólkinu, að hann vilji vera þeim milðirktur og góður Konungur.

Þessu Konungsins allranáðugasta bodi fullnægi eg nú allraundirgefnaft, með því að auglýsa það, sem að framan er skrifad, fyrir öllum almenningi.

Íslands Stifamtshúsi þann 28da April 1840.

B a r d e n f l e t h.

